

Fundur - 1.mars 2006

Ár 2006 þann 1. mars kl. 16:00 kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk Rebekku Eiríksdóttur sem var mætt sem fulltrúi foreldra barna á leikskólanum. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Umsókn um starf leikskólastjóra í Hólabæ frá Svanhildi Dóru Björgvinsdóttur á Akureyri. Samþykkt að ganga til samninga við Svanhildi Dóru.

Nú mættu Áslaug Guttormsdóttir skólastjóri og Dís Sverrisdóttur fulltrúi foreldra á fundinn. Rebekka Eiríksdóttir sat áfram en nú sem fulltrúi kennara við Reykhólaskóla.

- 2) Tekið fyrir erindi frá Svandísi Reynisdóttur dags. 24. febrúar. Samþykkt að fela formanni skólanefndar, skólastjóra, oddvita og sveitarstjóra að óska eftir fundi með Einari Hafliðasyni og Svandísi Reynisdóttur í Fremri-Gufudal varðandi ofangreint bréf Svandísar.
- 3) Samþykkt að fela formanni skólanefndar, skólastjóra, oddvita og sveitarstjóra að semja verklagsreglur um inntöku nemenda í Reykhólaskóla sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins. Reglurnar verði síðan lagðar fyrir mennta- og menningarmálanefnd.

Fundi slitið kl. 18:30

Karl Kristjánsson (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Dís Sverrisdóttir (sign)

Ágústa K. Bragadóttir (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)